



ON: þessi litur

Veitur: þessi litur

OR: þessi litur

Ljósleiðarinn: þessi litur

Carbfix: þessi litur

ÚTBOÐ

ONIK-XXXX-XX

VEIK-XXXX-XX

ORIK-XXXX-XX

LLIK-XXXX-XX

CFIK-XXXX-XX

(Heiti útboðs)

Mánuður og ár

1.	ÚTBOÐS OG SAMNINGSSKILMÁLAR	1
1.1	YFIRLIT ÚTBOÐS	1
1.1.1	<i>Kaupandi</i>	<i>1</i>
1.1.2	<i>Almennar upplýsingar</i>	<i>1</i>
1.1.3	<i>Útboðsyfirlit.....</i>	<i>1</i>
1.1.4	<i>Útboðsform</i>	<i>1</i>
1.1.5	<i>Hæfir bjóðendur</i>	<i>2</i>
1.2	ÚTBOÐSGÖGN	4
1.3	TILBOÐSGERÐ	4
1.3.1	<i>Tilboðsskrá</i>	<i>4</i>
1.3.2	<i>Sameiginlegt boð.....</i>	<i>5</i>
1.3.3	<i>Tungumál</i>	<i>5</i>
1.3.4	<i>Frávikstilboð</i>	<i>5</i>
1.3.5	<i>Valkvæð kaup.....</i>	<i>5</i>
1.3.6	<i>Verð</i>	<i>5</i>
1.3.7	<i>Fylgigögn með tilboði.....</i>	<i>5</i>
1.3.8	<i>Skýringar á útboðsgögnum og önnur samskipti á útboðstíma</i>	<i>6</i>
1.3.9	<i>Gerð, frágangur og afhending tilboða</i>	<i>6</i>
1.3.10	<i>Afturköllun tilboða</i>	<i>6</i>
1.3.11	<i>Opnun tilboða.....</i>	<i>6</i>
1.3.12	<i>Þóknun fyrir gerð tilboðs.....</i>	<i>6</i>
1.3.13	<i>Takmörkun á bótaskyldu kaupanda.....</i>	<i>6</i>
1.3.14	<i>Réttarræði bjóðenda # Ef yfir viðmiðunarfrjárhæðum EES #.....</i>	<i>6</i>
1.4	MAT OG TAKA TILBOÐA	7
2.	SAMNINGSSKILMÁLAR	9
2.1	LÖGSAGA.....	9
2.2	GREIÐSLUR	9
2.3	GREIÐSLUSKILMÁLAR	9
2.4	FLUTNINGUR OG AFHENDING	9
2.5	GÆÐI OG ÁBYRGÐIR	10
2.5.1	<i>Gæði efna</i>	<i>10</i>
2.5.2	<i>Gæðaeftirlit</i>	<i>10</i>
2.5.3	<i>Prófun á efnum.....</i>	<i>10</i>
2.5.4	<i>Ábyrgðir.....</i>	<i>11</i>
2.6	TAFABÆTUR	11
2.7	PERSÓNUVERND.....	11
2.8	LAUNAKJÖR STRAFSFÓLKS OG UNDIRVERKTAKA.....	11
2.9	TÚLKUN.....	11
2.10	TRÚNAÐUR	12
2.11	UPPLÝSINGAÖRYGGI.....	12
2.11.1	<i>Öryggisatvik</i>	<i>12</i>
2.12	SAMSKIPTI	13
2.13	ÓVIÐRÁÐANLEG ATVIK (FORCE MAJEURE)	13
2.14	VANEFNDIR	13
2.15	UPPSÖGN SAMNINGS	13
2.16	FRAMSAL RÉTTINDA	14
2.17	UNDIRVERKTAKAR	14
2.18	ÚRLAUN ÁGREININGSMÁLA.....	14
2.18.1	<i>Kröfur.....</i>	<i>14</i>
2.18.2	<i>Viðbrögð við kröfum.....</i>	<i>14</i>

2.18.3	<i>Kröfur vegna fyrirmæla</i>	14
2.18.4	<i>Dómstóll til úrlausnar ágreiningsmála</i>	14
3.	KRÖFULÝSING	15

1. ÚTBOÐS OG SAMNINGSSKILMÁLAR

1.1 YFIRLIT ÚTBOÐS

1.1.1 KAUPANDI

Veitur ohf. kt. 501213-1870 / Orka náttúrunnar ohf., kt. 471119-0830/ Orkuveita Reykjavíkur, 521213-0190, Ljósleiðarinn ehf, 691206-3780 („Kaupandi“)
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Sími: 516 6000

Kaupandi óskar eftir tilboðum í **## (mjög almenn lýsing) ##** í samræmi við þessi útboðsgögn.

Innifalið í tilboði skal vera allt það sem til þarf til að afhenda búnaðinn eins og hann er skilgreindur í útboðsgögnum þessum. Tilboð skal gera með því að fylla út alla viðeigandi hluta tilboðsbókar.

Þeir skilmálar sem koma fram í þessum útboðsgögnum gilda um þetta útboð og samninga sem kunna að vera gerðir í kjölfar þess.

1.1.2 ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Ekki er heimilt að bjóða efni sem framleitt er í Rússlandi eða Hvíta-Rússlandi né sem er selt af rússneskum eða hvítússneskum aðilum. Bjóðendur þurfa að geta útvegað upprunavottorð fyrir boðið efni eða geta sýnt með fullnægjandi hætti að viðkomandi skilmáli sé uppfyllt.

Hér kemur lýsing á þeim búnaði sem útboðið nær til. Sami texti skal notaður í auglýsingu. Nefna skal m.a. tegund búnaðar, fyrirhugaðri notkun hans, fjölda og afhendingardagsetningar.#

Skiladagar, og tafabætur ef búnaður er ekki afhentur á réttum tíma, eru eftirfarandi:

Búnaður	Afhendingardagur	Tafabætur
## Búnaður ##	Tími afhendingar frá pöntun	0,2% af tilboðsfjárhæð fyrir þann búnað/dag
## Búnaður ##	Tími afhendingar frá pöntun	0,2% af tilboðsfjárhæð fyrir þann búnað/dag
## Búnaður ##	Tími afhendingar frá pöntun	0,2% af tilboðsfjárhæð fyrir þann búnað/dag

Sjá nánar um tafabætur í gr. 2.6.

1.1.3 ÚTBOÐSYFIRLIT

Innkaup fylla út

- EES útboð: **nei/já**
- Tegund útboðs: **Almennt útboð**
- Fyrirspurnarfrestur útrunninn: **lok dags XX.XX.XXXX.**
- Skilafrestur og opnun tilboða: **XX.XX.XXXX, kl. XX:00**
- Gildistími tilboða: **8 vikur eftir opnunardag.**

Framkvæmd þessa innkaupaferlis, s.s. afhending útboðsgagna, móttaka og svörun fyrirspurna, móttaka tilboða og opnun þeirra, verða í gegnum útboðsvef kaupanda: <https://in-tendhost.co.uk/reykjavikenergy> („Útboðsvefurinn“), sbr. gr. 1.3.8 - 1.3.11.

1.1.4 ÚTBOÐSFORM

#(Innkaupa velja ákvæði) #

Undir viðmiðunarfrjárhæðum

Hér er um opið útboð að ræða og er það því almennt útboð eins og lýst er í lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993.

eða ef EES útboð

Hér er um almennt útboð að ræða og gilda um það lög um framkvæmd útboða nr. 65/1993, reglugerð nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu, og XI. og XII. kafli laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.

eða ef OR útboð

Hér er um almennt útboð að ræða og gilda um það lög um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og lög nr. 120/2016 um opinber innkaup.

1.1.5 HÆFIR BJÓÐENDUR

Þeir bjóðendur sem uppfylla skilyrði útboðsgagna þessara eru hæfir til að leggja fram tilboð í útboði þessu.

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum. Kaupandi kann að óska eftir upplýsingum eða viðbótargögnum við framlögð gögn.

Kaupanda er heimilt að vísa frá tilboði aðila sem uppfyllir ekki kröfur útboðsgagna um hæfi.

1.1.5.1 Persónulegar aðstæður bjóðanda

Þátttakandi eða bjóðandi sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli:

- a. þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum,
- b. spillingu,
- c. sviksemi,
- d. hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi,
- e. peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka,
- f. barnaþrælkun eða annars konar mansal.

Framangreind útilokun gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir brot skv. 1. mgr., er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í því.

Þátttakandi eða bjóðandi er útilokaður frá þátttöku í þessu innkaupaferli hafi hann brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögákveðinna gjalda og því hefur verið endanlega slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds þar sem bjóðandi er skráður eða í aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þátttakandi eða bjóðandi er útilokaður frá þátttöku í þessu innkaupaferli ef kaupandi getur sýnt fram á með viðeigandi hætti að þátttakandi eða bjóðandi hafi brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögákveðinna gjalda. Hafi þátttakandi eða bjóðandi uppfyllt skyldur sínar með því að greiða upp vanskil fyrir opnunardag tilboða á opinberum gjöldum eða gert samning um greiðslu þeirra, þ.m.t. vexti eða sektir, skal hann ekki útilokaður samkvæmt þessari málsgrein.

Í undantekningartilvikum vegna ástæðna sem varða almannahagsmuni, svo sem lýðheilsu eða umhverfisvernd, er heimilt að veita undanþágu frá útilokun skv. 3. og 4. mgr. enda vegi þær ástæður þyngra en ástæður fyrir útilokun bjóðanda.

Kaupanda er heimilt að útiloka fyrirtæki sem eitthvað af eftirfarandi á við um frá þátttöku í þessu innkaupaferli:

- a. Fyrirtæki hefur brotið gegn innlendum eða alþjóðlegum kröfum á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar sem kaupanda er unnt að sýna fram á.

- b. Þú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- c. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- d. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- e. Fyrirtæki hefur gengið til samninga við önnur fyrirtæki í þeim tilgangi að raska samkeppni sem kaupanda er unnt að sýna fram á með nægilegum líkum.
- f. Hagsmunaárekstrar eru til staðar í innkaupaferli sem ekki er hægt að lagfæra með aðgerðum sem ganga skemur.
- g. Fyrri aðkoma fyrirtækis á undirbúningsstigi, sbr. 46. gr., er talin raska samkeppni og ekki er hægt að lagfæra það með aðgerðum sem ganga skemur.
- h. Verulegir eða viðvarandi annmarkar hafa verið á framkvæmd fyrirtækis á efnislegum kröfum samkvæmt fyrri opinberum samningum sem hafa leitt til riftunar á samningi, kröfu um skaðabætur eða annarra svipaðra viðurlaga.
- i. Fyrirtæki hefur veitt rangar upplýsingar, leynt upplýsingum eða getur ekki lagt fram viðhlítandi fylgiskjöl sem krafist er, sbr. 73. gr. laga um opinber innkaup, sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að ekki séu til staðar útilokunarástæður eða að hæfisforsendur séu uppfylltar.
- j. Fyrirtæki hefur með óréttmætum hætti reynt að hafa áhrif á ákvörðunartöku kaupanda til að öðlast trúnaðarupplýsingar sem geta veitt því óréttmætt forskot í innkaupaferli eða hefur af gáleysi veitt villandi upplýsingar sem geta haft efnisleg áhrif á ákvarðanir varðandi útilokun, val eða samningsgerð.

Við mat á því hvort 3., 4. og 6. mgr. eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Þrátt fyrir b- og c-lið 6. mgr. er kaupanda heimilt að útiloka ekki viðkomandi fyrirtæki þegar hægt er að slá því föstu að fyrirtækið muni geta staðið við samninginn.

Fyrirtæki sem er í einhverjum þeim aðstæðum sem segir í 1. mgr. og 6. mgr. er heimilt að færa fram sönnur á að ráðstafanir sem það hefur gripið til dugi til að sýna fram á áreiðanleika þess þrátt fyrir að til staðar sé útilokunarástæða. Ef sönnun er talin fullnægjandi skal ekki útiloka viðkomandi fyrirtæki frá innkaupaferli.

Um skýringu og túlkun á kafla þessum vísast til viðeigandi ákvæða reglugerðar nr. 340/2017.

1.1.5.2 Fjárhagsstaða bjóðanda

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Kaupandi gerir kröfu um að:

- **Að heildarmeðalvelta bjóðanda samkvæmt síðustu þremur skilaskildu ársreikningum sé ekki lægri en kr. xx.xxx.xxx. Ef nýrri ársreikningur liggur fyrir er heimilt að miða við meðalveltu samkvæmt þeim ársreikningi og tveimur þar á undan. (Meginreglan er að krafan er jöfn kostnaðaráætlun. Þessi krafa má ekki vera hærri en sem nemur tvöföldu áætlðu verðmæti samningsins)**
- **Eiginfjárlutfall sé að minnsta kosti 0.1. Sýnt skal fram á þetta með síðasta ársreikningi eða nýrri gögnum.**

Verkkaupa er heimilt að óska frekari gagna til staðfestingar á framangreindu og skal bjóðandi verða við slíkri ósk nema brýnir hagsmunir standi því í vegi.

1.1.5.3 Eðlileg viðskiptasaga

Kaupandi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda. Ef sú könnun leiðir í ljós nýlegt greiðsluþrot eða gjaldþrot eða sambærilegt er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði hans á grundvelli þess að viðkomandi

Þjóðandi sé óhæfur, enda eigi í hlut sams konar rekstrareining með nær sömu eigendur (eða skyldmenni/tengdafólk), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, en með aðra kennitölu.

1.1.5.4 Kröfur til reynslu og hæfis þjóðanda

Við mat kaupanda á reynslu þjóðanda er kaupanda heimilt að taka tillit til reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna, undirverktaka og leggja slíka reynslu að jöfnu við reynslu þjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá þjóðanda.

- **Þjóðandi skal hafa að lágmarki 5 ára reynslu af sölu og þjónustu búnaðar sem útboðið tekur til.**

1.1.5.5 Kröfur um gæðakerfi

Með tilboði skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi atriði er varða gæðamál framleiðanda:

- Upplýsingar um hvort gæða-, umhverfis- eða öryggiskerfi í fyrirtæki framleiðanda sé vottað eða viðurkennt gæðakerfi. Einnig óskast upplýst eftir hvaða gæðakerfi og staðli er unnið. Vottorð þar að lútandi skulu fylgja tilboði.
- Ef ekki er vottað gæðakerfi í fyrirtæki framleiðanda skal þjóðandi sýna fram á með hvaða hætti hann mun tryggja vörugæði.
- Upplýsingar um hvaða aðgerðir eru í gangi hjá framleiðanda til að bæta gæði vöru og þjónustu.

Þjóðandi skal tryggja að vara sem boðin er sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að.

1.2 ÚTBOÐSGÖGN

Innkaup fylla inn

Til útboðsgagna teljast neðangreind gögn, staðlar og fylgiskjöl:

1. Viðaukar sem kaupandi gefur út á tilboðsfresti.
2. Þessi útboðsgögn.
3. Tilboðsbók þessa útboðs.
4. Aðrir staðlar og gögn sem vísar er til.

Sé misræmi milli útboðsgagna skal vægi þeirra við túlkun vera í samræmi við framangreint á þann veg að gagn nr. 1 hefur mest vægi og svo koll af kolli. Þessu til viðbótar skulu nýrri gögn vera réttþærri en þau sem eldri eru.

1.3 TILBOÐSGERÐ

Tilboð skal gera í samræmi við útboðsgögn.

Þjóðendur skulu fylla út tilboðsbók, sem er hluti af útboðsgögnum þessum, og skila öllum þeim gögnum sem útboðsgögn kveða á um í kafla 1.3.7.1. Ef gagnaskil eru ófullkomin er kaupanda heimilt að meta tilboð þjóðanda ógilt.

Fylla skal út öll eyðublöð tilboðsbókarinnar eins og útboðsgögn segja til um, þar á meðal tilboðsskrá. Sé tilboðsbókin ekki útfyllt áskilur kaupandi sér rétt til að hafna viðkomandi tilboði.

1.3.1 TILBOÐSSKRÁ

Tilboðsskránnar er að finna í tilboðsbókinni og skal hún fyllt út með þann skilning í huga, að einingaverð og heildarverð í tilboðsskrá taki til alls þess búnaðar sem boðinn er. Öll einingaverð og heildarverð í tilboðsskrá skulu vera með/án virðisaukaskatts. Ef einingaverð eru ekki tilgreind fyrir tiltekna liði skal litið svo á að kostnaður vegna þeirra sé innifalinn í öðrum tilboðsliðum. Þjóðendur skulu í tilboði sínu reikna með þeim magntölum, sem tilgreindar eru í tilboðsskrá. Einingaverð eru bindandi. Allar reikniformúlur eru á ábyrgð þjóðanda.

Ef margföldunar og/eða samlagningarskekkjur finnast í útfylltri tilboðsskrá mun kaupandi gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs.

1.3.2 SAMEIGINLEGT BOÐ

Ef tveir eða fleiri aðilar bjóða sameiginlega skal hver um sig láta í té tæmandi upplýsingar um sitt fyrirtæki. Samstarfssamningur skal fylgja tilboði. Eitt fyrirtækið skal vera fyrirsvarsaðili gagnvart kaupanda og skal einn aðili tilgreindur sem fyrirsvarsaðili til að fara með öll réttindi og skyldur gagnvart kaupanda. Aðilar að sameiginlegu tilboði skulu bera óskipta ábyrgð, þ.e. in solidum, á öllum skuldbindingum samkvæmt samningi, án fyrirvara af nokkru tagi. Fyrirsvarsaðili skal sanna að hann hafi fulla heimild og umboð til þess að koma fram fyrir hönd allra samstarfsaðila og hvers þeirra fyrir sig, þannig að bindandi sé til fulls fyrir þá alla á grundvelli framangreindrar grundvallarreglu.

Allir bjóðendur sem bjóða saman þurfa að skila inn gögnum er varðar hæfi. Þá þurfa bjóðendur að skila inn gögnum er varða hæfi og reynslu sína í samræmi við hvaða hluta samnings þeim er ætlað að uppfylla, sjá nánar í gr. 1.1.5.

1.3.3 TUNGUMÁL

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku og/eða ensku.

1.3.4 FRÁVIKSTILBOÐ

Frávikstilboð eru óheimil.

1.3.5 VALKVÆÐ KAUP

ef fyrirhugað að hafa valkvæð kaup, annars taka út

1.3.6 VERÐ

Bjóðendur skulu skila inn einingarverðum í tilboðsskrá. Öll verð skulu vera í **íslenskum krónum / EUR / USD með/án** virðisaukaskatti.

Innifalið í tilboðum bjóðenda skulu vera allir skattar (aðrir en virðisaukaskattur), gjöld og allar aðrar greiðslur sem eru lagðar á bjóðanda, undirverktaka, starfsmenn og starfsemi þeirra lögum samkvæmt, vegna þess sem boðið er.

ef verð í íslenskum krónum

Tilboðsverð skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á gengi evru. Viðmiðunargengi er gengið á opunardegi tilboða en við uppreikning skal miðað við gengi á útgáfudegi reiknings.

ef það eru valkvæð kaup, hvernig reiknast verð fyrir þann búnað

Ef kaupandi ákveður að kaupa einhvern hluta þess sem er valkvæður í þessu útboði skal verð þess búnaðar miðast við breytingu á neysluvitölu til verðtryggingar, útgefna af Hagstofu Íslands, frá apríl 2020 til þess mánaðar sem valkvæði búnaðurinn er pantaður.

1.3.7 FYLGIGÖGN MEÐ TILBOÐI

Bjóðandi er sá aðili sem tilgreindur er á tilboðsblaði.

Ef tveir eða fleiri bjóða sameiginlega þarf samstarfssamningur að fylgja tilboði, sbr. gr. 1.3.2.

1.3.7.1 Gögn sem skila skal með tilboðum

- Útfyllt og undirritað tilboðsblað
- Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá
- Útfyllt og undirritað skjal varðandi hæfi bjóðanda (er í tilboðsbók).
- Útfyllt tilboðsbók á excel formi
- Upplýsingar um gæðakerfi bjóðanda
- Upplýsingar um boðinn búnað.
- Staðfestingu á að bjóðandi sé ekki í vanskilum við ríkissjóð

- Staðfestingu á því að bjóðandi sé ekki í vanskilum við lífeyrissjóði
- Fjárhagsleg gögn sem sýna fram á að bjóðandi uppfylli fjárhagslegar kröfur í gr.1.1.5.2, skal skilað með tilboðum.
- **## mögulega annað ##**

Öllum framangreindum gögnum skal skilað á Útboðsvefnum.

Bjóðendur skulu skila inn öllum umbeðnum gögnum en kaupandi mun m.a. meta tilboð bjóðanda út frá ofangreindum upplýsingum.

1.3.8 SKÝRINGAR Á ÚTBOÐSGÖGNUM OG ÖNNUR SAMSKIPTI Á ÚTBOÐSTÍMA

Öll samskipti vegna útboðsins skulu fara fram í gegnum Útboðsvefinn. Með samskiptum er t.d. átt við afhending útboðsgagna, fyrirspurnir og athugasemdir bjóðenda, afhending svara og viðauka, skil tilboða og opnun tilboða. Komi upp ósamræmi milli útboðsgagna og Útboðsvefsins eða tilkynninga sendum frá útboðsvefnum gilda ákvæði útboðsgagna.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim, sem getur haft áhrif á tilboð hans, skal hann senda fyrirspurn fyrir lok fyrirspurnarfrests í gegnum Útboðsvefinn.

Kaupandi áskilur sér rétt til að svara ekki fyrirspurnum sem berast að loknum fyrirspurnarfresti.

Viðbótarupplýsingar, fyrirspurnir og svör við þeim, og viðaukar við útboðsgögn verða birt bjóðendum á Útboðsvefnum.

1.3.9 GERÐ, FRÁGANGUR OG AFHENDING TILBOÐA

Tilboðum skal skila með rafrænum hætti á Útboðsvefinn áður en frestur til að skila tilboðum rennur út. Skila skal tilboðsblaði og tilboðsskrá með tilboði, dagsettum og undirrituðum af til þess bærum aðila, ásamt fylgigögnum. Tilboð skulu sett fram samkvæmt meðfylgjandi tilboðsbók.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum, sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

1.3.10 AFTURKÖLLUN TILBOÐA

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt á Útboðsvefnum allt þar til tilboð hafa verið opnuð.

1.3.11 OPNUN TILBOÐA

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á Útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður bjóðendum sent opnunarýfirlit rafrænt.

1.3.12 ÞÓKNUN FYRIR GERÐ TILBOÐS

Kaupandi mun ekki greiða fyrir tilboðsgerð, mætingu á skýringarfund o.s.frv. í þessu útboði.

1.3.13 TAKMÖRKUN Á BÓTASKYLDU KAUPANDA

Bótaskylda kaupanda vegna útboðsins takmarkast að fullu við kostnað sem bjóðandi getur sýnt fram á að hann hafi sannanlega orðið fyrir við þátttöku í útboðsferlinu. Með því að leggja fram tilboð í þessu útboði samþykkir bjóðandi þessa takmörkun á mögulegum bótarétti sínum.

1.3.14 RÉTTARÚRRÆÐI BJÓÐENDA # EF YFIR VIÐMIÐUNARFJÁRHÆÐUM EES #

Þegar um er að ræða innkaupaferli sem lýkur með vali kaupanda á tilboði skulu líða a.m.k. 10 dagar frá því að ákvörðun um val tilboðs er tilkynnt þar til tilboð er endanlega samþykkt.

Í XI. kafla laga um opinber innkaup, nr. 120/2016 er fjallað um kærunefnd útboðsmála. Þar kemur fram í 1. mgr. 106 gr.: „Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn

réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans.“

1.4 MAT OG TAKA TILBOÐA

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum. Kaupandi kann að óska eftir upplýsingum eða viðbótargögnum við framlögð gögn. Aðeins tilboð frá hæfum bjóðendum kemur til álita við töku tilboðs.

Við val á tilboði verður byggt á hagkvæmni tilboða og því hagkvæmasta tekið. Hagkvæmasta tilboð er það boð sem fullnægir þörfum kaupanda best samkvæmt þeim forsendum sem settar hafa verið fram í útboðsgögnum. Kaupandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum. Séu tilboð t.d. **meira en 10%** yfir kostnaðaráætlun er kaupanda heimilt að hafna þeim á þeim grundvelli að þau séu óaðgengileg.

Ath. Þetta fer eftir því hvaða fjárhæð er samþykkt fyrir útboð. Ef kostnaðaráætlun er samþykkt án svigrúms þá er það bara kostnaðaráætlunin sem gildir hér. Þá þarf að gæta að því að kostnaðaráætlun sé ítarlega unnin og innihaldi óvissuálag.##

Kaupandi mun einungis leggja mat á gild tilboð samkvæmt eftirfarandi matslíkani.

#Verkefnastjóri velur á milli eftirfarandi aðferða í samráði við Innkaup. #

- Aðferð 1.** Verð + umhverfispættir, sjá aðferð 1.
- Aðferð 2.** Verð gildir 100%, sjá aðferð 2.
- Aðferð 3.** Bæta við frekari matsþáttum með tilliti til gæða t.d. afhendingartími, ábyrgðartíma, þjónustugeta, reynsla o.s.frv. Tilgreina skal vægi hvers liðar og greina með skýrum hætti frá forsendum einkunnagjafar, sjá aðferð 3.

Aðferð 1:

Gild tilboð verða metin með eftirfarandi hætti:

- Verð 88 stig
- Umhverfismál
 - Umhverfisáætlun 2 stig
 - Upplýsingar um kolefnisspor vöru 10 stig
 - Kolefnisspor samkvæmt EPD #Meta hvort gefa eigi stig#

Mat á ofangreindum þáttum verður í samræmi við eftirfarandi. Athugið að til að fá stig fyrir matskröfurnar þurfa fullnægjandi gögn að fylgja tilboði en ekki verður kallað eftir frekari gögnum til skýringa hvað þær varðar eftir opnun tilboða.

1.4.1 VERÐ

Bjóðendum er gefin stig samkvæmt eftirfarandi formúlu:

Stig fyrir verð = (Lægsta boðna verð / Verð tilboðsgjafa) * 88

1.4.2 UMHVERFISMÁL

1.4.2.1 Umhverfisáætlun

Skili bjóðandi inn með tilboði sínu umhverfisáætlun fyrir sína starfsemi þá hlýtur hann 2 stig.

Umhverfisáætlun skal að lágmarki innihalda eftirfarandi atriði:

- a) Kolefnisspor: Fram skulu koma upplýsingar um hvernig bjóðandi ætli að draga úr kolefnisspori sínu til ársins 2030.
- b) Orkunotkun: Yfirlit yfir orkunotkun bjóðanda og áætlun um hvernig dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.
- c) Sorp og flokkun úrgangs: Lýsing á hvernig bjóðandi stendur að flokkun úrgangs ásamt upplýsingum um hve stór hluti úrgangs sem fellur til við starfsemi bjóðanda fer í endurvinnslu og ekki.

1.4.2.2 Upplýsingar um kolefnisspor vöru

Ef bjóðandi afhendir upplýsingar um kolefnisfótspor alls boðins búnaðar í formi skýrslu frá óháðum þriðja aðila sem byggir á ISO 14040 og 14044 fær hann p stig. Ef bjóðandi afhendir umhverfisyfirlýsingu frá samþykktum vottunaraðila með öllum boðnum vörum samkvæmt ISO 14025 (Environmental Product Declaration) þá fær hann r stig. Þessi liður veitir í mesta lagi r stig við mat tilboða.

Skýrslur sem byggja á ISO 14040 og 14044 skulu að minnsta kosti innihalda eftirfarandi atriði:

- Skilgreining markmiða og umfangs (e. goal and scope definition). Þarna þurfa að koma fram upplýsingar um aðgerðareiningu (e. functional unit), líftíma (e. lifetime) og kerfismörk (e. system boundaries). Einnig þarf að greina til hvaða aðferðafræði við útreikninga umhverfisáhrifa er notast við (e. impact assessment method).
- Upplýsingar um öflun og meðhöndlun gagna (e. life cycle inventory)
- Niðurstöður um umhverfisáhrif (e. life cycle impact assessment) þar sem fram koma upplýsingar um loftslagsáhrif vöru niður á aðgerðareiningu.

1.4.2.3 Kolefnisspor í EPD #Taka út ef ekki á að nota#

Gefin eru X stig til þess bjóðanda með minnsta kolefnissporið í framleiðsluferli samkvæmt EPD (niðurstöðuflokkur A1-A3). Sé aðeins einn bjóðandi með EPD þá fær hann fullt hús stiga í þessum lið. Stigafjöldi kolefnisspors er reiknaður með eftirfarandi hætti:

Stig fyrir kolefnisspor = (Lægsta kolefnisspor í EPD / kolefnisspor vöru frá tilboðsgjafa) * X

Aðferð 2:

Verð mun gilda 100%. Gengið verður til samninga við lægstbjóðand.

Aðferð 3:

Gild tilboð verða metin með eftirfarandi hætti:

- | | |
|------------------------|----|
| • Verð | x% |
| • Umhverfisþættir | y% |
| • Afhendingartími vöru | z% |
| • Ábyrgðartími vöru | u% |

Mat á ofangreindum þáttum verður í samræmi við eftirfarandi. Athugið að til að fá stig fyrir matskröfurnar þurfa fullnægjandi gögn að fylgja tilboði en ekki verður kallað eftir frekari gögnum til skýringa hvað þær varðar eftir opnun tilboða.

2. SAMNINGSSKILMÁLAR

Samningur telst kominn á grundvelli útboðsgagna og framlagðs tilboðs frá bjóðanda þegar kaupandi hefur gefið út formlega innkaupapöntun í kjölfar tilkynningar um niðurstöðu útboðsferlis.

2.1 LÖGSAGA

Um útboð þetta og þá samninga sem gerðir verða í kjölfar þess gilda íslensk lög.

2.2 GREIÐSLUR

Greitt verður fyrir búnað þegar hann hefur verið afhentur.

2.3 GREIÐSLUSKILMÁLAR

Samþykktir reikningar skulu greiddir af kaupanda eigi síðar en 30 dögum eftir móttöku reikninga. Eindagi skal vera sá sami og gjalddagi. Reikningar skulu afhentir kaupanda eigi síðar en 30 dögum fyrir gjalddaga greiðslu.

Kaupandi munum eingöngu taka við rafrænumreikningum vegna samningsins. Reikningar sem berast með öðru móti, t.d. á pappírformi eða sem pdf skjöl í tölvupósti verður hafnað og þeir endursendir.

Hægt er að senda rafræna reikninga með eftirfarandi hætti:

- Rafrænir reikningar með skeytamiðlun: Kaupandi mælir með að stærri fyrirtæki nýti sér skeytamiðlun og sendi reikninga með xml formi.
- Skráningarsíða: Fyrir einstaklingar og fyrirtæki sem ekki hafa aðgang að skeytamiðlun má skrá reikninga hér á <http://sendareikning.or.is>. Við tökum fram að þessi síða uppfyllir ekki kröfur um bókhaldskerfi og því þarf líka að gefa út reikninginn í bókhaldskerfi sendanda. Einnig má skrá reikninga á eftirfarandi slóðum: <http://sendareikning.on.is> fyrir Orku náttúrunnar og <http://sendareikning.veitur.is> fyrir Veitur ohf.

Sé reikningur ekki greiddur á gjalddaga skal kaupandi greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá gjalddaga til greiðsludags.

2.4 FLUTNINGUR OG AFHENDING

Vörurnar skulu afhentar **DAP**, eins og skilgreint er af Incoterms 2020, á **vöruhúsi Eimskips, Íslandi**. Afhendingartími skal vera í mesta lagi **XX vikur** frá pöntun. Tilboð bjóðanda skal innihalda allan flutningskostnað og tryggingar fyrir flutning á afhendingarstað. Vörurnar skulu vera pakkaðar á viðeigandi hátt til sjóflutninga.

Afhendingu er ekki talið lokið fyrr en allir hlutir og tilheyrandi gögn og vottorð hafa borist kaupanda. Bjóðandi skal búa um allar vörur þannig að þau séu vernduð gegn tjóni í flutningi, í samræmi við tegund flutninga sem notaðir eru. Bjóðandi ber ábyrgð á og skal skipta um öll efni eða búnað sem skemmist eða tapast í flutningi á ábyrgð bjóðanda, hvort sem það stafar af óviðeigandi umbúðum eða ekki og bera kostnað vegna viðgerðar eða endurnýjunar slíkra efna eða búnaðar.

Allt pökkunarefni skal eftir notkun vera eign kaupanda. Bjóðandi skal einnig sjá til þess að allir slyngar eða lyftibúnaður haldist til að auðvelda affermingu og þessi búnaður skal verða eign kaupanda við móttöku. Öllum vörum skal pakkað og flutt í samræmi við hleðslutakmarkanir og mál sem eiga við frá sendingarstað til þess staðar þar sem flutningi skal slitið. Sé frávik frá slíkum takmörkunum skal bjóðandi leggja fyrir pökkunaráætlun fyrir fulltrúa kaupanda, áður en vörur eru pakkaðar, og gefa hæfilegan tíma til skoðunar og samþykkis þess.

Hvert mál, kassi, rimlakassi, búnt eða stakur hlutur skal vera greinilega merktur með auðkenni fyrir verkefnið. Merki skulu vera með vatnspéttu bleki eða málningu af góðum gæðum til að vera vel sýnileg. Merkingin skal innihalda:

Heimilisfang reiknings:

Veitur / Orka náttúrunnar / Orkuveita Reykjavíkur / Ljósleiðarinn / Carbfix

Bæjarhals 1

Reykjavík

Íceland

Afhendingarstaður vöru:

Eimskips Warehouse/Vöruhótel Eimskipa

Sundagarðar 4

104 Reykjavík

ICELAND

Eitt eintak af viðeigandi gögnum skal fylgja með sendingum. Viðeigandi fjöldi eintaka sem sendur verður kaupanda með pósti verður gerður bjóðandi kunnur eftir að samningur hefur verið gerður.

Verði komið í veg fyrir að bjóðandi sendi efni á réttum tíma af orsökum sem ekki er undir stjórn bjóðanda eða kaupanda skal hann sjá um fullnægjandi geymslu og skal tryggja vöruna gegn öllum áhættu á geymslu tímabilinu.

2.5 GÆÐI OG ÁBYRGÐIR

2.5.1 GÆÐI EFNA

Allt efni í vörunni skal vera nýtt eða að hámarki tveggja ára frá framleiðsludegi. Ef efnið er ekki nýtt og hefur verið geymt úti skal seljandi sanna að efnið hafi verið geymt samkvæmt stöðlum. Bæði handverk og efni skulu vera fyrsta flokks og í samræmi við þær kröfur sem eru í útboðs- og samningsgögnum og í samræmi við fyrirmæli kaupenda.

Efni sem ekki er sérstaklega tilgreint skal háð samþykki, henta í þeim tilgangi og, eftir því sem við verður komið, og uppfylla viðeigandi staðla.

2.5.2 GÆÐAEFTIRLIT

Bjóðanda ber að tryggja gæði vöru með innra eftirliti. Þetta skal vera kerfisbundið, skipulagt og skjalfest og öll stjórnun og ábyrgðaskipting skal skilgreind. Skráð skal hver ber ábyrgð á stjórnun, hvaða þættir eru háðir valdi hans, hver hefur umboð til að taka ákvarðanir og hver er ábyrgur. Bjóðandi skal sjá til þess að allar birgðir fyrir vörunar uppfylli settar kröfur. Þetta skal gert markvisst og niðurstöðurnar skjalfestar.

Afhentar vörur skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í útboðsgögnum.

Bjóðandi skal framvísa gildum gæðavottorðum fyrir allar vörur sem hann hyggst afhenda.

2.5.3 PRÓFUN Á EFNUM

Kaupandi áskilur sér rétt til að framkvæma skoðun þriðja aðila í aðstöðu bjóðanda án aukakostnaðar.

Kaupandi mun láta seljanda vita með minnst 10 virkra daga fyrirvara fyrir komandi heimsókn. Tilkynningin mun innihalda upplýsingar um hvað á að skoða.

Athugun kaupanda takmarkar ekki á neinn hátt skyldu bjóðanda til að viðhalda gæðastjórnun og afhenda vöruna í samræmi við útboðsskilmála.

Seljandinn skal greina eða prófa á framleiðslustað eða framleiðslu slíkra hluta verksins og efnisins á þann hátt og á þeim tíma sem samningsskjölin eða fulltrúi kaupanda krefjast.

Seljandinn skal veita alla aðstoð, tæki, vélar, vinnuafli og efni sem venjulega er krafist til að kanna, mæla og prófa öll verk og gæði, þyngd eða magn hvers konar efnis sem notað er.

2.5.4 ÁBYRGÐIR

Seljandi skal ábyrgjast allar vörur sem hann hefur afhent samkvæmt þessum útboðs- og samningsgögnum gegn öllum göllum í tvö ár eftir afhendingu.

Seljandi skal samkvæmt þessari ábyrgð sinna öllum viðgerðum og skiptum á varahlutum sem fulltrúi kaupanda telur nauðsynlegt til að uppfylla að fullu kröfur útboðsgagna til varanna.

Ef seljandi synja beiðnum um viðgerð eða vanrækir framkvæmd þeirra, er kaupanda heimilt að gera nauðsynlegar viðgerðir á kostnað seljanda.

Ef einhverjir gallar koma í ljós eftir að ábyrgðartímabilinu lýkur, getur seljandi verið ábyrgur ef rekja má slíkt til hvers konar blekkingar eða vanrækslu af hálfu seljanda eða starfsmanna hans, sama hvort það er vegna gáleysis eða ásetnings.

2.6 TAFABÆTUR

Ef bjóðandi afhendir ekki vörurnar á þeim tíma sem tilgreindur er mun kaupandi verða fyrir tjóni. Þar sem erfitt væri að komast að nákvæmu umfangi slíks tjóns er samið um að kaupandinn eigi rétt á tilteknum fjárhæðum sem tafabótum, en ekki sem refsingu. Umræddar upphæðir er að finna í gr. 1.1.2. og á kaupandi rétt á þeirri fjárhæð fyrir hvern hafinn dag sem afhending vöru frestast umfram tilgreindan afhendingardag. Tafabætur eru, eftir ákvörðun kaupanda, frádráttarbærar frá greiðslum fyrir viðkomandi vöru. Fjárhæð tafabóta fer ekki yfir 10% af verði viðkomandi vöru.

2.7 PERSÓNUVERND

Við gerð tilboðs, og eftir atvikum störf í þágu kaupanda, ber seljandi ábyrgð á því gagnvart sínum starfsmönnum að upplýsa, og eftir atvikum afla samþykkis þeirra, vegna persónuupplýsinga sem hann gefur kaupanda í té. Þá skal seljandi veita starfsmönnum sínum viðeigandi fræðslu í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga á hverjum tíma.

Framangreint á einnig við um þá undirverktaka sem seljandi fær heimild til að nota. Seljandi skal ganga úr skugga um að þeir undirverktakar undirgangist framangreindar skyldur gagnvart sínu starfsfólki.

2.8 LAUNAKJÖR STRAFSFÓLKS OG UNDIRVERKTAKA

Seljandi ber ábyrgð á að allt starfsfólk sem koma mun að verkinu, hvort sem er sem starfsfólk seljanda, starfsmannaleigu og/eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og að aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessu starfsfólki séu uppfyllt. Verði seljandi eða undirverktaki hans uppvís að brotum gegn ákvæði þessu, eða sambærilegu ákvæði í öðrum samningum, mun verkkaupa rifta samningnum/er verkkaupa heimilt að rifta samningnum. Seljandi samþykkir að ef hann eða undirverktaki hans getur ekki framvísað gögnum eða sýnt fram á að skyldur hans samkvæmt þessu ákvæði séu uppfylltar innan 10 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af kaupanda er kaupanda heimilt að rifta samningi án frekari fyrirvara eða beita dagsektum allt að 50.000 kr. fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir.

Beiti kaupandi einhverjum úrræðum samkvæmt ákvæði þessu öðlast seljandi eða undirverktakar hans engan rétt gagnvart kaupanda vegna þeirrar beitingar.

2.9 TÚLKUN

Ef ósamræmi er milli ákvæða skilmála þessara skal það ákvæði gilda sem nýjast er, enda sé ekki mælt fyrir um annað í samningsgögnum.

2.10 TRÚNAÐUR

Seljandi og starfsmenn og undirverktakar hans skulu gæta fyllsta trúnaðar um gögn, upplýsingar og annað sem þeir verða áskynja um í starfi fyrir kaupanda og leynt á að fara skv. lögum, reglum eða eðli máls. Þar á meðal má nefna upplýsingar um samninga, fjárhagslegar upplýsingar, persónuupplýsingar og önnur sambærileg gögn.

Seljandi skal gera starfsfólki sínu og undirverktökum grein fyrir trúnaðarskyldu sinni.

Trúnaðarskylda er ótímabundin.

Seljanda og starfsmönnum hans er með öllu óheimilt að kynna sér gögn eða upplýsingar, afrita, breyta, afhenda öðrum eða vinna með, á nokkurn annan hátt en samningurinn segir til um.

Kaupanda er óheimilt að láta af hendi upplýsingar sem seljandi hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljast einkum tækni- og viðskiptaleyndarmál auk þeirra atriða í tilboði sem leynt skulu fara.

Þetta hefur ekki áhrif á skyldu opinbers aðila til að leggja fram upplýsingar samkvæmt lagaskyldu.

2.11 UPPLÝSINGAÖRYGGI

Seljandi gerir sér grein fyrir því að opinberir eftirlitsaðilar, s.s. Persónuvernd, kann á grundvelli valdheimilda sinna að krefjast upplýsinga um öryggisráðstafanir seljanda eða aðgangs að upplýsingum sem hann varðveitir og varða þjónustusamninginn.

Ef seljandi verður áskynja um öryggisveikleika og eða aðra veikleika hjá verkkaupa skal hann tilkynna þá strax til tengiliðs verkkaupa.

Seljandi mun tryggja að aðeins það starfsfólk sem tilgreint eru í samningsgögnum komi að og/eða hafi vitneskju um verkefni fyrir verkkaupa samkvæmt samningi þessum. Öðru starfsfólki bjóðanda og undirverktaka hans er óheimilt að koma að vinnu við verkefnið nema fyrir liggi samþykki verkkaupa.

Seljanda ber að vinna verkefnið eftir bestu mögulegu þekkingu og tryggja gæði vinnunnar eins og frekast er unnt. Í því sambandi ber honum að gæta að því að hug- og vélbúnaður verkkaupa ásamt gögnum verði ekki fyrir skaða við framkvæmd verkefnisins.

Seljandi skuldbindur sig til að viðhafa ýtrustu öryggisráðstafanir við starfrækslu þeirra þátta sem vinna hans nær til. Ráðstafanir vegna þessa skulu vera tilgreindar fyrir hvert verkefni.

Seljanda ber að haga framkvæmd verkefnisins eins og rakið er í þjónustulýsingu í viðaukum við samninginn. Þá ber honum að tryggja að ekki verði unnið með upplýsingar, gögn, gagnagrunna, tölvupóstsamskipti eða hvað það annað sem starfsfólk bjóðanda kann að verða áskynja um í tengslum við vinnu við verkefnið.

Seljanda ber að vernda persónuupplýsingar sem hann kann að verða áskynja um í tengslum við vinnu við verkið.

Þrátt fyrir ofangreinda trúnaðarskyldu verkkaupa er verkkaupa heimilt að birta ráðgjöfum sínum upplýsingar sem verktaki hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar, að því gefnu að viðkomandi ráðgjafar hafi samþykkt að taka á sig þá skyldu að varðveita slíkar upplýsingar sem trúnaðarupplýsingar. Ráðgjafa skal að öllu óheimilt að deila eða afhenda slíkar trúnaðarupplýsingar nema þeim beri skylda til samkvæmt skýrum lagaheimildum.

2.11.1 ÖRYGGISATVIK

Öryggisatviki er atvik eins og öryggisbrot, innbrot í tölvukerfi eða húsnæði, óviljaverk, óheimilan aðgang að eða veikleika í kerfum.

Ef öryggisatvik kemur upp hjá seljanda eða undirverktaka hans sem talið er geta haft áhrif á öryggi upplýsinga verkkaupa skal verktaki upplýsa verkkaupa um slíkt umsvifalaust. Ef kaupandi óskar eftir því skal seljandi afhenda skriflega skýrslu um atvikið þar sem fram kemur nánari lýsing á atvikinu, upplýsingar um til hvaða aðgerða verði gripið til að koma í veg fyrir að atvikið endurtaki sig og innan

hvaða tímamarka þær aðgerðir verði orðnar virkar. Seljandi skal hvenær sem er að beiðni verkkaupa senda honum upplýsingar um verklag og/eða ráðstafanir sínar til að tryggja upplýsingaöryggi.

Verkkaupi getur hvenær sem er krafist þess að framkvæma sjálfur, eða fá til þess þriðja aðila, úttekt hjá seljanda á verklagi og ráðstöfunum er varða öryggi upplýsinga frá verkkaupa. Við slíka úttekt skal bjóðandi veita fulla samvinnu á eigin kostnað og hafa til reiðu aðila sem hafa þekkingu til að veita upplýsingar um þau atriði sem leitað er svara við. Ef verkkaupi gerir athugasemdir við öryggisráðstafanir seljanda skal bjóðandi bregðast við þeim eins skjótt og unnt er.

Gerir bjóðandi breytingar sem áhrif geta haft á öryggi upplýsinga frá verkkaupa ber bjóðanda að upplýsa verkkaupa um þær breytingar samstundis með skriflegum hætti.

2.12 SAMSKIPTI

Allar tilkynningar, beiðnir um gögn og samþykki um breytingar skulu vera skriflegar. Tilkynning eða orðsending telst vera komin til skila þegar tengiliður viðkomandi seljanda hefur mótttekið hana í tölvupósti, hún hefur verið send í bréfpósti eða afhent persónulega.

Breytingar á samningi hvort sem er samningsskilmálum eða kjörum verða aðeins gerðar með skriflegu samkomulagi.

2.13 ÓVIÐRÁÐANLEG ATVIK (FORCE MAJEURE)

Hvorugur samningsaðili verður krafinn um bætur vegna útboðs þessa, ef óviðráðanleg atvik svo sem vinnudeilur, náttúruhamfarir, lög, reglugerðir eða önnur þau atvik sem ekki eru sök samningsaðila eða í þeirra valdi að ráða við, koma í veg fyrir efndir hans.

Aðili sem ber fyrir sig óviðráðanleg ytri atvik ber sönnunarbyrðina fyrir að atvik séu með þeim hætti. Aðilar skulu upplýsa gagnaðila skriflega, með rökstuðningi, innan tveggja daga frá því að atvik kemur upp. Ef óviðráðanlegt atvik varir lengur en 100 daga falla skyldur skv. samningi niður nema um annað sé samið milli aðila.

2.14 VANEFNDIR

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða er úrskurðaður gjaldþrota, eða er andlag árangurslauss fjárnáms getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

2.15 UPPSÖGN SAMNINGS

Kaupanda er heimilt að segja samningi upp einhliða meðan á gildistíma hans stendur við eftirfarandi aðstæður:

- a) Ef veruleg breyting hefur verið gerð á samningi sem hefði átt að leiða til þess að hefja skyldi nýtt innkaupaferli.
- b) Ef fyrirtæki, sem upphaflega var valið, hefði átt að vera útilokað frá innkaupaferli.
- c) Ef ekki hefði átt að gera samning við fyrirtæki í ljósi alvarlegs brots á reglugerð nr. 340/2017.
- d) Ef aðstæður seljanda á samningstíma verða með þeim hætti að ef þær hefðu verið til staðar fyrir töku tilboðs þá hefði kaupanda verið skylt eða heimilt að útiloka seljanda frá þátttöku í útboði.

Enginn bótaréttur stofnast af hálfu seljanda vegna uppsagnar samnings á framangreindum grundvelli.

2.16 FRAMSAL RÉTTINDA

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum nema með samþykki kaupanda.

2.17 UNDIRVERKTAKAR

Seljanda er óheimilt, án skriflegs samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef seljandi fær slíka heimild, breytast í engu skyldur hans gagnvart kaupanda.

Í þeim tilfellum skulu allar þær upplýsingar sem beðið er um í útboðslýsingu þessari, vera aðgengilegar kaupanda um undirverktaka.

2.18 ÚRLAUSN ÁGREININGSMÁLA

2.18.1 KRÖFUR

Ef seljandi hyggst krefjast viðbótargreiðslu samkvæmt einhverju ákvæði samningsins eða á annan hátt í tengslum við samninginn, skal hann tilkynna kaupanda um fyrirætlun sína innan 28 daga frá því að atburðurinn sem er orsök kröfunnar kom fyrst upp.

Seljandi skal halda þau samtímagögn sem telja má nauðsynleg til að styðja allar kröfur sem hann kann að vilja gera. Án þess að viðurkenna bótaskyldu skal kaupandi, að fenginni tilkynningu um kröfu, skoða slík samtímagögn. Seljandi skal leyfa kaupanda að skoða öll slík gögn og afhenda honum afrit af þeim þegar kaupandi gefur fyrirmæli um það.

Innan 28 daga eftir að tilkynnt hefur verið um kröfu skal seljandi senda kaupanda reikning þar sem farið er nákvæmlega yfir þá fjárhæð sem krafist er og forsendur sem kröfunnar eru byggðar á. Ef atburðurinn, sem er grundvöllur kröfunnar, hefur áframhaldandi áhrif, skal slíkur reikningur teljast bráðabirgðareikningur og seljandi skal, með eins mánaðar millibili, senda frekari bráðabirgðareikninga sem tiltaka uppsafnaða fjárhæð kröfunnar og allar frekari ástæður sem krafan byggir á. Í þeim tilvikum sem bráðabirgðareikningar eru sendir til kaupanda skal seljandi senda endanlegan reikning innan 28 daga frá því að áhrifum atburðarins lýkur.

Ef seljandi fer ekki eftir framangreindum ákvæðum um kröfur, án verulegra og málefnalega ástæðna, vegna krafna sem hann leitast við að gera, skal réttur hans til greiðslu vegna þeirra ekki nema hærrí fjárhæð en kaupandi, eða dómstóll skv. gr. 2.17.5, metur kröfuna sannaða með hliðsjón af samtímagögnum.

2.18.2 VIÐBRÖGÐ VIÐ KRÖFUM

Innan 42 daga frá því að kaupanda var afhent krafa eða honum voru veittar frekari upplýsingar sem styðja fyrri kröfu, eða innan annars tímabils sem kaupandi leggur til og samþykkt er af seljanda, skal kaupandi svara með samþykki, eða með höfnun og ítarlegum athugasemdum. Kaupandi getur einnig óskað eftir nauðsynlegum frekari upplýsingum en skal engu að síður veita svar sitt um meginatriði kröfunnar innan þess tíma.

2.18.3 KRÖFUR VEGNA FYRIRMÆLA

Ef seljandi heldur því fram að fyrirmæli sem gefin eru út eftir dagsetningu samningsins, feli í sér aukakostnað sem seljandi skuli ekki bera, ber seljanda í öllum tilvikum að tilkynna kaupanda skriflega um áform sín um að gera kröfu áður en haldið er áfram til að framkvæma samninginn nema í neyðartilfellum þar sem líf eða hlutir eru í hættu.

2.18.4 DÓMSTÓLL TIL ÚRLAUSNAR ÁGREININGSMÁLA

Öll mál sem höfðuð verða vegna ágreiningsmála sem rísa vegna útboðs þessa og samnings í kjölfar þess skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

3. KRÖFULÝSING